

# BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

GRETTISGÖTU 89, 105 REYKJAVÍK  
SÍMI 562 6688, FAX 562 9106



Reykjavík, 06.05.1996.

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 120/1907*

*komudagur 7/5 1996*

Nefndadeild Alþingis  
Þórshamri v/Templantarasund  
150 Reykjavík

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.75/1981, um tekju- og eignarskatt, 421. mál og frumvarp til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, 422. mál.

Frumvörpin gera ráð fyrir að lagður verði á 10% skattur á fjármagnstekjur. Verði þau samþykkt sem lög hefur það því í för með sér að vaxtatekjur sem nú eru skattfrjálssar verða skattlagðar, en einnig að lækkun skatta á öðrum fjármagnstekjum eins og arði og söluhagnaði sem nú þegar eru skattlagðar eins og aðrar tekjur. Lagt er til að þessi skattlagning verði óháð öðrum tekjum einstaklinga nema hvað hægt verði að nýta sér ónýttan persónuafslátt til frádráttar vaxtaskatti. Áður en lengra er haldið skal tekið fram að vegna þess hve stuttan tíma BSRB hefur haft til að fjalla um frumvarpið þá byggir umfjöllunin um það að mestu á mjög almennum athugasemdum og er langt frá því að vera tæmandi.

BSRB hefur lengi krafist þess að tekinn verði upp fjármagnstekjuskattur. Helstu rök BSRB fyrir því eru að skattleggja beri fjármagnstekjur á sama hátt og aðrar tekjur.

BSRB getur ekki, þrátt fyrir kröfu um að tekinn verði upp fjármagnstekjuskattur, stutt frumvarpið eins og það er nú. Helstu rökin eru þessi:

- Óeðlilegt er að fjármagnstekjur séu ekki skattlagðar á sama hátt og aðrar tekjur. BSRB leggst gegn því að fjármagnstekjur séu undanskildar tekjuskattsgrunni. Það hefur í för með sér að einstaklingum sé mismunað eftir því hvort um er að ræða tekjur af launavinnu eða tekjur af fjármagni. Við það bætist að sú mismunun sem af þessu hlýst, ef marka má þær upplýsingar sem fram koma í skýrslu nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna, er þeim tekjulægri í óhag en hinum tekjuhærri í hag.
- BSRB er einnig mótfallið því að taka arð og söluhagnað út úr tekjuskattskerfinu þar sem það er nú skattlagt eins og aðrar tekjur (sá hluti sem lendir fyrir ofan frítekjumörk) og leggja þess í stað á slíkar tekjur 10% skatt. Þetta hefur í för með sér lækkun skatta hjá þeim tekjuhærri í þjóðfélaginu.
- Helstu rök nefndar um samræmda skattlagningu fyrir því að fara þá leið sem lögð er til í frumvarpinu eru að nauðsynlegt sé að mismuna ekki í skattlagningu fjármagnstekna, að skatthlutfallið sé lágt og að framkvæmd skattheimtunnar verði einföld.

BSRB telur að sú leið sem lögð er til í frumvörpunum sé ekki sú sem liggur beinast við til að fullnægja þessum skilyrðum.

Hvað varðar nauðsyn þess að mismuna ekki í skattlagningu eftir uppruna fjármagnstekna þá hefði fullt eins verið hægt að fara þá leið að jafna upp á við, þ.e. að taka vaxtatekjur inn í tekjuskattskerfið og meðhöndla þær eins og aðrar tekjur, hvort heldur það eru launatekjur eða tekjur af arði.


Rök nefndarmanna fyrir lágu skatthlutfalli hljóma kunnuglega. Líkt og um margar aðrar breytingar sem stjórnvöld hér á landi standa fyrir er vísað til þess að tillögurnar séu „í samræmi við þá þróun og þær umræður sem fram fara á alþjóðavettvangi” (bls. 17 „Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna”). En það er sitthvað umræða og þróun. Nefndinni hefur aðeins tekist að reiða fram yfirlýsingu þess efnis að skattur á vexti hafi „lækkað talsvert í ýmsum aðildarrikjum OECD undanfarin misseri” (bls. 11 „Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna”). Séu hins vegar tölur í töflu á bls. 13 í fyrrnefndu nefndaálit, og einnig á bls. 9 í greinargerð með frumvarpi stjórnarandstöðuformanna skoðaðar kemur í ljós að 10% skattur á fjármagnstekjur er nánast undantekning í löndum OECD.

BSRB getur engan veginn verið sammála því að framkvæmdin sé í alla staði einföld. T.d. má benda á að ljóst er að lögaðilum verður í sjálfsvald sett hvernig þeir meðhöndla tekjur:

- hvort þær eru gefnar upp sem laun og af þeim greiddur 42 - 47% skattur,
  - sem hagnaður fyrirtækis og af þeim greiddur 33% skattur
  - eða tekjurnar meðhöndlaðar sem arður og af þeim greiddur 10% fjármagnstekjuskattur.
- Að lokum. Sú framkvæmd sem hér er lögð til hefur í för með sér skattlagningu ýmissa félagsamtaka, líknarstofnana, sjálfseignarstofnana, opinberra stofnana og styrktarsjóða. Einnig munu sveitarfélögin missa tekjustofn við þessa útfærslu og að auki þurfa að greiða skatt af fjármagnstekjum sínum. Ekki er ljóst hvaða áhrif þetta hefur. T.d. má spyrja sig hvaða afleiðingar það hefur ef vextir af félagslegum íbúðum verða skattlagðir.

Eins og fram kemur í fylgiskjali fór BSRB fram á það þegar í upphafi að fá fulltrúa í nefnd um álagningu fjármagnstekjuskatts. Ef þáverandi ríkisstjórn hefði orðið við þeirri beiðni, hefði BSRB getað haft mótandi áhrif á þær tillögur sem frá nefndinni komu.

F.h. BSRB

  
Svanhildur Halldórsdóttir

# BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

GRETTISGÖTU 89, 105 REYKJAVÍK  
SÍMI 91 - 626688, FAX 91 - 629106




Reykjavík 31. mars 1995.

Davíð Oddsson,  
forsætisráðherra.

BSRB beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að samtökin fái fulltrúa í nefnd þá sem ríkisstjórnin hefur skipað til að gera tillögur um álagningu fjármagnstekjuskatts.

F.h. BSRB



Ögmundur Jónasson